

97 Á fundi sínum 16. júní 1890, endurskoðaði amtsráðið reikning þennan, og gat ekkert að honum fundið.

Í amtsráði Norður- og Austuramtsins.

16. júní 1890.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. B. G. Blöndal.

98

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 16.—18. júní 1890.

Ár 1890, 18. dag júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu settur á Akureyri og haldinn af amtmanni J. Havsteen forseta amtsráðsins, ásamt amtsráðsmönnum Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benedikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi.

Mál þau, sem komu til umræðu á fundinum voru þessi.

1. Framlagðir voru eptirfylgjandi reikningar fyrir 1889, yfir tekjur og gjöld ýmsra sjóða, sem standa undir umsjón amtsráðsins.
 - a. Búnaðarsjóðs Norður og Austuramtsins.
 - b. Búnaðarskólasjóðs Norður- og Austuramtsins.
 - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra í Vopnafirði.
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallasókn.
 - f. Prentsmiðjusjóðs Norður- og Austuramtsins.

Amtsráðið, sem ekkert fann að athuga við reikninga þessa, vildi skjóta því til stjórnarnefndar styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað, hvort ekki vær rjettara að veita færri styrk í hvert skipti og þá heldur rífari, en að miðla svo mörgum styrkbeidendum í einu.

2. Framlagðar voru ýmsar bænarskrár um styrk úr Búnaðarsjóðnum, og veitti amtsráðið:
 - a. Gísla Sigmundssyni á Ljótstöðum í Skagafjarðarsýslu, 45 kr., sem verðlaun fyrir að hafa fundið upp tadkvörn, sem hefur komið að góðum notum.
 - b. Guðjóni Árnasyni á Dálkstöðum, 25 kr., sem verðlaun fyrir heppilegar dýralækningar hans.
 - c. Forstöðunefnd hjeradshátíðar Eyfirðinga í minningu 1000 ára byggingar Eyjafjarðar, 100 kr., með því skilyrði, að skepnu- og gripasýning kæmist á jafnframt hátíðahaldinu.

Aptur á móti sá amtsráðið sjer ekki fært, að veita búnaðarskólanum á Hólum nokkurn styrk af búnaðarsjóði, og áleit þessa heldur ekki brýna þörf, þar sem skólinn nýtur svo ríflegs styrks úr landssjóði, og fjárhagur skólans batnar nú talsvert við það, að til hans leggst búnaðarskólafje Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu.

3. Var framlagður reikningur yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1889; amtsráðið endurskoðaði reikninginn og gat ekkert að honum fundið og var hann því samþykktur.

4. Var samin og samþykkt svofelld áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1891:

Tekjur:	
1.	Áætlaðar eptirstöðvar frá 1890 1000 kr.
2.	Jafnaðarsjóðsgjald 2000 — = 3000 kr.
Gjöld:	
1.	Amtsráðið 350 kr.
2.	Til sáttamála 50 —
3.	Til heilbrigðismála 200 —
4.	— menntamála (hjer af til amtsbókasafnsins 200 kr.) 1100 —
5.	— heyrnar- og málleysingja 700 —
6.	Fjórdá afborgun og leigur af láninu til Skjálfandafjóltsbrúarinnar 400 —
7.	Kostnaður við notkun fangelsanna á Akureyri og Eskifirði 100 —
8.	Óviss útgjöld 100 —
= 3000 kr.	

5. Amtsráðið ályktaði eptir framkominni beiðni og skýrslum, að greiða mætti úr jafnaðarsjóði kostnaðinn við kennslu heyrnar- og málleysingjans Gísla Sigurðssonar frá Þvottá, á hinum konunglega heyrnar- málleysingjaskóla í Kaupmannahöfn, en faðir Gísla skyldi leggja fram kostnaðinn við ferð hans og útbúnað til Kaupmannahafnar.
6. Útaf bænarskrá frá sjera Oddi V. Gíslasyni á Stað í Grindavík, um 300 kr. styrk til þess, að ferðast um Norður- og Austuramtíð nú í sumar, til þess að leiðbeina mönnum viðvíkjandi bjargráðum á sjó, ályktaði amtsráðið að veita honum fyrirheit um nefnda styrktarupphæð á næstkomandi sumri, þar sem nú væri orðið svo áliðið sumars, enda hafði ekkert fje til þessa verið tekið upp á áætlunina fyrir yfirstandandi ár, um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins. Styrknoti skyldi senda skýrslu um um ferð sína þegar henni væri aflokið.
7. Amtsráðið veitti kvennaskólanum á Laugalandi 300 kr. styrk af jafnaðarsjóði, og voru framlagðar skýrslur um tölu námsmeyja á tímabilinu frá 3. jan. til 14. maí 1890, um kennsluna á skólanum, um vorprófið 1890, og endurrit af reikningi skólans fyrir 1889. Skýrslu um tölu námsmeyja á síðara tímabili ársins 1889 hafði forseti ráðsins sent landshöfðingja.
8. Frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu og forstöðunefnd kvennaskólans í Ytri-Ey voru framkomnar bænarskrár um 400 kr. styrk úr jafnaðarsjóði handa kvennaskólanum í Ytri-Ey, ásamt endurriti og reikningi yfir tekjur eg gjöld skólans 1888—89. Amtsráðið veitti skólanum 300 kr. eins og að undanförunu, og skyldi þessi styrkur fyrst útborgast þegar komnar væru til forseta amtsráðsins skýrslur um kennsluna á skólanum og nemendatölu á árinu 1889—90.
9. Amtsráðið yfirskodaði framlagðan reikning yfir efnahag amtsbókasafnsins fyrir 1889, og gat ekkert að honum fundið. Ráðið veitti 200 kr. úr jafnaðarsjóði til bókasafnsins, og skyldu þar af ganga 100 kr. til 5. afborgunar upp í kaupverðið fyrir stofu bókasafnsins í fangahúsinu á Akureyri.
10. Sýslunefndin í Suður-Múlasýslu óskaði enn að gjörð væri breyting á skipun yfir-

98 setukvennaumdæmanna þar í sýslu (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 28. og 29. júní 1882, 16, og 3.—5. júní 1889, 11, Stjórnartíðindi 1882, B, bls. 161; og 1889, 131), þannig, að Vallahreppur, sem nú heyrir undir 10. og 11. yfirsetukvennaumdæmin, verði umdæmi út af fyrir sig. Eptir þeim skýrslum sem fyrir lágu og ósk hjeradsmauna, vildi amtsráðið samþykkja slíka breytingu, og verður þá Eiðapinghá 10. umdæmið, Vallahreppur 11. og Skriðdalur 12. umdæmið, og yfirsetukvennaumdæmin alls 12.

11. Amtsráðið samþykkti, að veita mætti konunni Maríu Sigurðardóttur á Höfðahúsum, sem hefur fengizt við ljósmóðurstörf í Fáskrúðsfirði yfir 40 ár, og henni heppnatz vel, 20 kr. árlega þóknun úr sýslusjóði frá árinu 1890, að því meðtöldu.
12. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 3. jan. þ. á., þar sem hann með skírskotun til 60. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar og laga 8. oktbr. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, leitar álits amtsráðsins um, hvort ekki væri ástæða til að útvega heimild til þess, að kaupstaðurinn greiddi ekki framvegis neitt jafnaðarsjóðsgjald, en tæki aptur að sjer þau útgjöld, sem hingað til hefðu verið greidd fyrir hann úr jafnaðarsjóðnum.

Eptir að hafa rætt þetta málefni ýtarlega, ljét amtsráðið uppi það álit sitt, að það væri bæði hagkvæmt og rjett í sjálfu sjer, að Akureyrarkaupstaður, sem hefði fengið sjerstaka og sjálfstæða stöðu sem sveitarfjelag, samkvæmt lögum 8. oktbr. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og væri að því leyti ekki partur úr amtinu, yrði leystur úr sambandinu við amtíð, hvað gjaldgreiðslu til jafnaðarsjóðs snertir, og tæki að sjer þau útgjöld, sem fyrir hann hafa verið greidd úr jafnaðarsjóðnum, og skýrði nákvæmar frá, hvernig þessu fyrirkomulagi að sinni hyggju skyldi hagað.

13. Framlagðir voru eptirnefndir reikningar og skjöl frá búnaðarskólanum á Hólum:
 - a. Prentuð skólaskýrsla fyrir 18^{88/89}.
 - b. Endurrit af fundargjörðum stjórnarnefndarinnar, 5. og 6. nóvbr. 1889, 1. febr. og 12. til 14. maí 1890.
 - c. Úrskurðir amtsráðsins um skólareikninginn 18^{87/88}, með áritun stjórnarnefndarinnar um fullnustu úrskurðanna.
 - d. Úrskurðir amtsráðsins um reikning yfir tekjur og gjöld skólabúsins 18^{87/88} með áritun stjórnarnefndarinnar um fullnustu úrskurðanna. Amtsráðið úrskurðaði nú athugasemd 10. d, sem hafði verið frestað á fundi þess 3.—5. júní f. á.
 - e. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans 18^{88/89}, með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda, og svörum reikningshaldara. Amtsráðið yfirfór reikninginn og úrskurðaði athugasemdir þær, sem endurskoðendur höfðu við hann gjört.
 - f. Reikningur skólabúsins 1888—89 með fylgiskjölum, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðartillögum stjórnarnefndarinnar. Reikning þennan yfirfór amtsráðið og úrskurðaði athugasemdir endurskoðenda við hann.
 - g. Reikningur yfir tekjur og gjöld Hólakirkju 1888—89 var yfirfarinn en eigi úrskurðaður í þetta skipti.
 - h. Endurrit af reikningi yfir tekjur og gjöld skólans 1889—90.

Forseti skýrði frá, hvernig gengi innheimta á veðskuldum Búnaðarskóla-

sjóðsins, og að hann hefði lagt í landsbankann fyrir nýár 1800 kr., sem 1% fengist af í leigur, en hærri leigur hefði eigi verið unnt að fá á þeim stutta tíma, er innlagið var bundið við, semsje til 11. p. m.; af 1500 kr., sem síðast höfðu verið lagðar í landsbankann, hafði bankstjórnin eigi sjeð sjer fært að greiða leigur. Af því fje, sem innheimt hafði verið, höfðu 1987 kr. 50 a. verið borgaðar fyrir hús það í Hrísey, sem keypt var skólastofnuninni til handa, og forseta tekizt að koma fyririggjandi fje 1750 kr. á leigu um stuttan tíma frá 11. júní. p. á gegn handveði í konunglegum skuldabrfefum. (Framh.)

Auglýsing

um breyting á yfirsetukvænnaumdæmum í Suður-Múlasýslu
(sbr. Stjtið. 1889, B, bls. 149 - 151).

Samkvæmt ályktun amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 16. p. m., er Eiðapinghá eptirleiðis 10. yfirsetukvænnaðemi Suður-Múlasýslu, Vallahreppur 11. og Skriðdalur 12. umdæmið.

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri, 27. júní 1890.

J. Havsteen.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögum fyrir 1890 og 1891.

13 gr. A b. 6.

Á Synodus, er haldinn var í síðastl. júnimánuði, var fje því, að upphæð 3000 kr., sem getur um undir þessum lið, að viðbættum 500 kr. af prestekknasjóði og 81 kr. 40 a. af sjóði af árgjöldum brauða. skipt þannig milli:

A. Uppgjafapresta:

1. Jóhann Kn. Benediktsson frá Káltafellsstað	kr.	30,00
2. Jón Brynjólfsson frá Kálholtí	—	65,00
3. Þorvaldur Böðvarsson frá Saurbæ á Hvalfjarðarströnd	—	50,00
4. Jón B. Thorarensen frá Saurbæjarþingum	—	81,40
5. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	—	65,00
6. Guðmundur Gíslí Sigurðsson frá Gufudal	—	330,00
7. Einar Vernharðsson frá Stad í Grunnavík	—	50,00
8. Jón Jónsson Reykjalin frá Þönglabakka	—	150,00
	Samtals kr.	821,40

B. Prestsekknar:

1. Ragnhildur Metúsalemsdóttir frá Hjaltastað	—	120,00
2. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	—	80,00
3. Helga Guðmundsdóttir frá Eydöllum	—	80,00
4. Guðríður Jónsdóttir frá Ási	—	50,00
5. Pálína Böðvarsdóttir frá Arnesi	—	20,00
6. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini	—	40,00
7. Kristín Tómasdóttir Thorlacius frá Saurbæ í Eyjafirði	—	80,00
8. Solveig Einarsdóttir frá Kirkjubæjarklaustri	—	70,00
9. Solveig Einarsdóttir frá Holti undir Eyjafjöllum	—	40,00
10. Ingibjörg Jónsdóttir frá Stóruvöllum	—	20,00
	Flyt kr.	1421,40

100 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um umburðarbrjef til allra
30. júlí lögreglustjóra út af farmannalög unnum 22. marz þ. á.

Um leið og jeg hjálægt sendi yður, herra landshöfðingi, nokkur eintök af um-
burðarbrjefi til allra lögreglustjóra utan Kaupmannahafnar, útgefnu af dómsmálastjórn-
inni, þar sem þeim eru tjáðar nauðsynlegar fyrirskipanir með tilliti til aðgjörða þeirra,
sem í 2., 4., 5. og 52. gr. farmannalaga 22. marz þ. á. er gjört ráð fyrir að ýmsir valds-
menn í konungsríkinu inni af hendi, og jafnframt get þess, að dómsmálaritaranum við
sjómála- og verzlunarrjettinn í Kaupmannahöfn, lögreglustjóranum sama staðar og lög-
regluembættismönnunum á Færeyjum hefur verið gjörð vísbending á sama hátt, vil jeg
hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra landshöfðingi, að þjer þóknanlega leggið
fyrir alla lögreglustjóra á Íslandi, að inna samskonar störf af hendi gagnvart dönskum
skipum, þegar svo kann undir að bera, og eins stendur á.

101

UMBURÐARBRJEF

til allra lögreglustjóra utan Kaupmannahafnar.

Að þar til gefnu tilefni vill dómsmálastjórnin, jafnframt því að leiða athygli
yðar að 2., 4., 5. og 52. gr. í íslenskum farmannalögum 22. marz þ. á. (nr. 14 í við-
bæti við lögtíðindi 1890), þjónustusamlega skora á yður, að þjer samkvæmt reglum
þeim, sem nákvæmar eru teknar fram í nefndum lagagreinum:

1. löggildið kauplaust leiðarbók þá, sem lögboðin er í 1. gr. laganna, þegar svo ber
undir, sem ráð er fyrir gjört í 2. gr., að bókin verði útskrifuð á langri ferð, og
þá samkvæmt nefndri grein getið þess í hinni eldri bók.
2. sömuleiðis kauplaust ritið í leiðarbækur vottorð þau, sem um ræðir í 4. og
5. gr.
3. takið á móti skýrslu um afbrot þau, sem framin hafa verið, þegar svo ber undir
sem ráð er fyrir gjört í 52. gr., rannsakið afbrotið, og gjörið þann úrskurð og ef til
kemur þær ráðstafanir, sem um ræðir í lagagreininni.

Því skal við bætt, að kostnaður sá, sem af síðastnefndum ráðstöfunum leiðir,
mun verða endurgoldinn af ráðgjafanum fyrir Ísland, er til hans er leitað gegnum
dómsmálastjórnina.

I dómsmálastjórninni, 26. júní 1890.

J. Nellemann.

E. Hvidt
fm.

98

(framh.)

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Norður- og Austuramtinu 16.—18. júní 1890.

(Framh.) Amtsráðið ályktaði, að 600 kr. af sjóðnum skyldu greiddast í sýslu-
sjóð Eyjafjarðarsýslu, til endurgjalds framlagi til skólans á árinu 1883, og 4 %
leigum frá 1883—1888 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 2. og 3. júní 1885,
26, Stjórnartíðindi 1885, B, bls. 94, og skýrslu um fund amtsráðsins, 28. og 29.
júní 1888, Stjórnartíðindi 1888, B, bls. 114).

Amtsráðið ályktaði, að hluti Búnaðarskólaskólans frá Eyjafjarðarsýslu að
öðru leyti og frá Suður-þingeyjarsýslu, skyldi afhendast stjórnarnefnd skólans,

þegar þetta fje væri innkomið til forseta ráðsins, væntanlega einhverntíma á 98 þessu sumri, og skyldi stjórnarnefndin láta fjeð í landsbankann gegn sparisjóðs- (framh.) kjörum.

Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 4. septbr. 1889, um sameiginlegt búnaðarskólalald á Hólum, fyrir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu, sem prentað er í Stjórnartíðindunum 1889, B, bls. 113—114, og skýrði frá, að hann með brjefi, 20. s. m., hefði skorað á sýslunefndina í Norður-Þingeyjarsýslu, að láta uppi yfirlýsingu sína um það, hvort hún vildi heldur vera með nefndum sýslum um búnaðarskólalald, eða sameinast Múlasýslunum um Eyðaskólann. Það sást nú af útskrift þeirri úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvíkjandi fundarhaldi hennar 7. og 8. maí p. á., að nefndin hafði álitid það óhagkvæmt, að ganga í samband við þessa »fjarlægu« skóla, heldur vildi hún verja búnaðarskólafje sínu til þess, að koma upp fyrirmyndarbúi eða búnaðarskólafstofnun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu út af fyrir sig, enda þóttist nefndin ekki geta fundid að það væri óhjákvæmileg skylda sín, að fara eptir fyriræmælum framannefndra brjefa landshöfðingja og amtsins í þessu efni. Nefndin vildi því hafna því að svostöddu, að ganga í fjelag um Hólaskóla eða Eidaskóla.

Amtsráðid ályktaði út af þessu, að þótt það væri skýlaus skylda sýslnefndarinnar að hlýða ofanefndu brjefi landshöfðingja, þá vildi það samt mæla með því við landshöfðingja, að við svobúid mætti standa að sinni, þangað til útsjeð væri um það, hvort frumvarp það til laga, sem alþingi hefði samþykkt 1889, um breytingar nokkrar á tilsk. 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, yrði að lögum; hvort Norður-Þingeyjarsýsla tæki þátt í Hólaskólanum eða Eyðaskólanum, skyldi þá vera undir því komid, hvort hún kysi heldur að vara partur úr Norðuramtinu eða Austuramtinu.

Að því leyti, sem sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu hafði borið það fyrir, að hún hefði eigi haft neinar skýrslur um fjárhag og ástand Eyðaskólans, athugaði amtsráðid, að sýslunefndaroddivitinn hefði haft fullt missiri til þess, að útvega þessar skýrslur.

Amtsráðid tók þar næst til umræðu frumvarp það til reglugjörðar fyrir búnaðarskólann á Hólum, sem þeir umboðsmaður, Ólafur Briem á Álgeirsvöllum og skólastjóri Hermann Jónasson á Hólum höfðu samið, samkvæmt umboði frá fulltrúafundinum á Akureyri, 5. júní f. á., ásamt með breytingartillögum þeim, sem sýslunefndirnar í Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslum höfðu gert við frumvarpið, og samdi frumvarp til reglugjörðar fyrir skólann, eptir því frumvarpi, sem fyrir lá með hliðsjón af breytingartillögum sýslunefndanna, sem sumar voru teknar upp í frumvarpið; frumvarp amtsráðsins skyldi svo borið undir landshöfðingja með þeirri beiðni, að hann gæfi út reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Hólum, með þeim breytingum, sem honum þættu við eiga.

Í tilefni af fyrirspurn stjórnarnefndar Hólaskólans, um hvað gera skyldi út af kröfum þeim, sem gerðar hafa verið til tíundar af Hólum í seinni tíð, en ekkert hafði verið áskilid við sölu staðarins í einstaks manns heldur á sínum tíma um tíundarfrelsi eða tíundarskyldu hans, ályktaði amtsráðid, að rjettast væri, að láta mál þetta liggja fyrst um sinn kyrt, þannig að tíundir væru greiddar af hendi

98
(framh.)

með fyrirvara um endurborgun, þangað til dómur hæstarjettar væri genginn í málinu út af tíundarskyldu Arnarness, sem er áfrýjað til nefnds rjettar.

14. Amtsráðið gat eigi úrskurðað reikninginn yfir tekjur og gjöld Eyðaskólans fyrir 1885—86, sökum þess að upplýsingar þær, sem ráðið á fundi sínum 3.—5. júní 1889, (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 3.—5. júní 1889, Stjórnartíðindi 1889, B, bls. 133), hafði heimitað um reikninginn, voru eigi enn nægilegar framkomnar, og skyldi skólastjórnin hafa sent þær til forseta ráðsins innan ársloka.

Framlögð voru skilríki fyrir, að úrskurðum amtsráðsins á reikningum skólans fyrir árin 1886—87, 1887—88 og 1888—89 væri fullnægt.

15. Forseti ráðsins skýrði frá hvernig það hefði atvikazt, að tillögur amtsráðsins á fundi þess, 3.—5. júní 1889, um vegabætur á aðalpóstvegum hjer í amtinu eigi hefðu haft annan árangur en þann, að fje hefði verið lagt úr landssjóði til endurbóta á veginum yfir Vatnsskarð í Húnavatnssýslu og til vegagjörðar á aðalpóstveginum í Eyjafjardarsýslu fyrir sunnan Skjaldarvík, og ennfremur frá því, að hann hefði með brjefi til landshöfðingja, 30. nóvbr. f. á., tekið upp aptur fyrnefndar tillögur amtsráðsins, að undanteknum þeim, sem snertu þær vegagjörðir, sem áður voru nefndar, og um endurgjald á kostnaði við vegabætur nokkrar í Akra- og Seiluhreppum í Skagafjardarsýslu, sem framkvæmdar höfðu verið á árinu 1888. Landshöfðingi hafði nú veitt 200 kr. til endurbóta á veginum á Öxnadalshéiði, allt að því 1000 kr. til þess að gera að helztu torfærunum á veginum um Norðurárdalinn og Blönduhlíðina og 80 kr. til vegabóta í Öxnadalnum.
16. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 28. febr. 1890, og par með útdrátt úr brjefi ingeniörs A. Siwersons, sem ferðaðist um nokkurn hluta landsins í fyrra sumar, til þess að segja álit sitt um ýmislegt er lýtur að vegagerðum, viðvíkjandi stefnu aðalpóstvegarins um Húnavatnssýslu frá Reykjum á Reykjabraut eða Giljá að Blöndu, sem ágreiningur var um, hvar helzt skyldi lagður.

Álit Siwersons skyldi fyrst lagt fyrir sýslunefnd Húnavatnssýslu, og hafði forseti jafnskjótt og hann meðtók brjef landshöfðingja, sent það sýslumanninum í Húnavatnssýslu, með brjefi dags. 17. marz p. á.

Nú var að vísu álit þetta ókomið, þar sem aðalsýslunefndarfundur Húnavatnssýslu var afstaddinn, en amtsráðið tók samt þetta mál til ýtarlegrar yfirvegunar, og komst meiri hluti ráðsins til þeirrar niðurstöðu, að hverfa frá þeirri skoðun, sem það hafði verið á á fundi sínum 16. apríl 1888, og fjellst að öllu yfirveguðu á það álit ingeniörs A. Siwersons, að leggja skyldi veginn frá Stóru-Giljá fram hjá Reykjum á Reykjabraut með fram Svínavatni að austan og svokölluðum Múla að Tunguvaði og Löngumýrarferju, sem sér í lagi væri styttri og yrði ódýrari, en hinn svonefndi Tindavegur að Holtastaðaferju.

Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 8. maí p. á., þar sem hann kveður á um aðalpóstvegi hjer í amtinu, nema um kaflann frá Giljá og að Blöndu, sem áður er nefndur, og hafði landshöfðingi fallizt á tillögur amtsráðsins að öllu leyti. Sýsluvegir í Húnavatnssýslu voru að mestu leyti þegar ákvednir á fundi amtsráðsins 16. apríl 1888, og sömuleiðis sýsluvegirnir í Skagafjardarsýslu og Eyjafjardarsýslu, en nú hafði forseti amtsráðsins kveðið á um sýsluvegi í Suður-Múlasýslu.

(Framh.)

Skýrsla

98

um aðalfund amtsráðsins í norður- og austuramtinu 16.—18. júní 1890.

(Framh.)

(Framh.)

Hafði hann gjört það samkvæmt því valdi, sem amtsráðið hafði veitt honum í þessu tilliti á fundi sínum 28.—29. júní 1888, og skorað á sýslumanninn í Þingeyjarsýslu, að útvega sem fyrst tillögur sýslunefndanna þar, um sýsluvegi; úr Norður- Múlasýslu voru tillögur að vísu komnar, en forseta hafði þótt nauðsyn á, að fá þær ítarlegar útlistaðar.

Að vísu er aðalpostleiðarvæðið á Glerá, þar sem hún fellur í sjó, á takmörkunum milli Eyjafjarðarsýslu (Glæsibæjarhrepps) og Akureyrarkaupstaðar, en brúin yfir ána, sem notuð er, þegar áin er ófær, er svo sem 15 mínútna göngu fyrir ofan póstveginn og alveg í sýslunni (á takmörkunum milli Hrafnagilshrepps og Glæsibæjarhrepps); vildi amtsráðið leggja það til, að landshöfðingja mætti þóknast að telja þessa brú, sem tilheyrandi aðalpostleiðinni, og leggja nokkurt fje úr landssjóði henni til nauðsynlegrar viðgerðar, eptir nánari uppástungu forseta.

17. Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi 30. desbr. f. á., hefði leitt athygli sýslunefnda að fjárveitingu þeirri handa búnaðarfjelögum, sem ræðir um í 10. gr., C, 4. b. fjárlaganna fyrir 1890 og 1891, að upphæð 8000 kr. hvort árið, sem landshöfðingja væri falið að úthluta eptir tillögum sýslunefnda og amtsráða, og látið í ljósi, að hann gengi út frá því, að hinum sömu reglum yrði fylgt um útbýting þess hluta styrksins, sem fjelli til norður- og austuramtsins á árinu 1890, og farið hefði verið eptir við útbýting styrksins 1889, samkvæmt brjefi landshöfðingja, 22. ágúst 1888 (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins, 3.—5. júní 1889, Stjórnartíðindi 1889, B, bls. 132), en amtsráðið lýsti því yfir, að það byggist við, að amtinu hlotnaðist allt að 3200 kr. af fyrnefndri fjárveiting, eptir sama hlutfalli, sem áður hafði átt sjer stað um samskonar fjárveitingar.

Þar næst voru framlagðar bænarskrár frá 38 búnaðarfjelögum í amtinu um styrk, og skýrslur um unnar jaðabætur 1889, sem komnar voru frá sýslunefndunum, og samdi amtsráðið tillögur sínar um útbýting styrktarfjárins milli þessara búnaðarfjelaga.

18. Amtsráðið tók til yfirvegunar, hvort ekki væri rjett, að koma upp með tilkostnaði úr jafnaðarsjóði og hlutadeigandi sveitarsjóðum varðhaldsklefum á Sauðárkrók í Sauðárhrepp innan Skagafjarðarsýslu og á Seyðisfirði í Seyðisfjarðarhrepp innan Norður-Múlasýslu, í líkingu við varðhaldsklefann á Akranesi, sem ræðir um í brjefi landshöfðingja, 15. nóvbr. 1884, (Stjórnartíðindi 1884, B, bls. 177), og komst að þeirri niðurstöðu, að eigi væri ástæða til, að gera nokkra ráðstöfun í þessa átt.
19. Amtsráðið fól forseta sínum, að leiða athygli sýslunefndanna að fyrirmælum laga 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og skora á þær, að senda til amtsráðsins þær fjallskilareglugjörðir, sem nú gilda, til eptirlita og staðfestingar amtsráðsins á næsta fundi þess.
20. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 12. p. m., og þar með fylgjandi erindi frá hreppsnefndinni í Engihlíðarhreppi með fylgiskjölum, þar sem hún áfrýjar til amtsráðsins úrskurði sýslunefndar 28. febr. 1887, sem ákveður að fyrnefndur hreppur skuli leggja 3 menn til gangnaskila á Eyvindarstaðaheiði, en á

98
(framh.)

fundi sínum 29. jan. 1879, hafði sýslunefndin ákveðið, að fjórir fremstu bæirnir í Engihlíðarhrepp (Móberg, Hvammur, Holtastaðir og Geitaskarð), sem spursmál var um, skyldu sameinast Skrapatungu-afrijettarfjelagi, og á fundi sínum 6. júní 1877, hafði sama sýslunefnd ályktað, að áðurnefndir bæir skyldu til bráðabyrgðar gera fjallskil á Eyvindarstaða-heiði.

Amtsráðið ályktaði, að leita skyldi yfirlýsingar hreppsnefndarinnar í Bólstaðarhlíðarhrepp um áfrýjunarskjal þetta, og skýrslu sýslumannsins um það, hversvegna sýslunefndin hefði á fundi sínum, 28. febr. 1887, breytt úrskurði sínum 29. jan. 1879.

21. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:
- a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 4. jan. og 3.—8. marz þ. á.
- Forseti skýrði frá, að hann, uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins hefði með brjefi, 20. apríl þ. á., veitt leyfi til þess, að sýslunefndin jafnaði niður 1504 kr. 35 aur., eða 15. aur. á hvert lausafjár- og fasteignarhundrad, sem færi fram yfir það, sem niður mætti jafna samkvæmt 43. gr. (sbr. 26. gr.) sveitarstjórnartilskipunarinnar, en þessi hækkun stendur í sambandi við afborgun hallærislána sýslunnar. Ráðið samþykkti þetta.
- b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 31. maí 1889 og frá 12.—15. febr. þ. á.
- Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin hefði veitt Gísla Sigmundssyni á Ljótstöðum 50 kr. styrk úr sýslusjóði, til þess að fullkomna sljettunarvjel, sem hann hefur fundið upp; sömuleiðis var samþykkt, að nefndin hafði veitt 35. kr. úr sýslusjóðnum til eflingar sundkennslu og ályktað að greiða kaup 2 manna (2 kr. á dag), sem hefðu gæzlu á því, að fje færi ekki í misgripum á fjármörkuðum.
- c. Frá Eyjafjarðarsýslu fundargjörðir frá 6.—8. marz þ. á.
- Amtsráðið vildi samþykkja, að sýslunefndin hafði veitt 50 kr. úr sýslusjóði til hátíðahalds og sýningar á komandi sumri í minningu 1000 ára byggingar Eyjafjarðar, þó þannig, að þetta fje yrði því að eins greitt af hendi, að nokkur sýning kæmist á.
- Útaf því, að amtið hafði krafizt þess, að sýslunefndin, sem eins og kunnugt er, hefur bygging á Syðra-Laugalandi á Staðarbyggð, þar sem kvennaskóli sýslunnar stendur, ljeti gera að hinum svonefnda Grásteinsgarði, sem heyrir til Staðabyggðamýraverkinu, innan loka júlímánaðar næstkomandi (1890), hefur nefndin, — sem á fundi sínum 21.—23. febr. 1887, hafði lýst því yfir, að hún álitu sjer skylt að viðhalda flóðgörðum jarðarinnar, og á fundi sínum 6.—8. marz 1888, gengizt undir það, að láta gera að nefndum garði og hinni svonefndu Laugalandsbrú, sem sýslunefndin áður hafði mjög mótmælt að viðhalda, með þeim skilyrðum, sem tiltekin eru í brjefi landshöfðingja 10. septbr. 1887, sem sje að leiguliði hefði árlega 87 meðalálna lækkun á landskuldinni af Syðra-Laugalandi fyrir fardagaárin 18⁸⁶/₈₇, 18⁸⁷/₈₈, 18⁸⁸/₈₉ gegn því, að nefndin hefði fullkomlega látið endurbæta áðurnefnd mannvirki innan júlímánaðarloka 1888, — nú ályktað, að leita til landsstjórnarinnar um að breyta þessari aðgerðarkröfu á hendur sýslunefndinni, eins og hún kemst að orði, án þess þó að skýra frá hvernig breytingin skyldi vera, en ef landstjórnin vildi eigi verða við þessari beiðni, þá skyldi oddviti sýslunefndarinnar segja Syðra-Lauglandi lausu fyrir

næstu jólaföstu. Samhliða þessu lagði forseti fram brjef frá sýslumanninum, 98
sem á árinu 1886 hafði bedið um tiltölulegar bætur fyrir skemmdir á Grá- (framh.)
steinsgarðinum, er voru metnar 133 kr. 70 aur., dags. 10. marz þ. á., þar sem
hann fer þess á leit við amtið, að það leggi það til við landshöfðingja, að hann
vildi falla frá því, að heimta að sýslunefndin viðhjeldi nefndum flóðgarði, (sem
er nokkuð annað en það, sem ályktun sýslunefndarinnar fer fram á), þar eð
slik krafa yrði að álitast það sama, sem að bægja nefndinni frá jörðinni.

Með því að þetta mál snertir mjög hagsmuni sýslufjelagsins og kvennaskól-
ans á Laugalandi, sem hefur kostað ærið fje, og sem talsverður styrkur hefur verið
og er lagður til árlega bæði úr landssjóði og amtssjóði, lagði forseti það undir
amtsráðið til álita og úrskurðar.

Amtsráðið gat ekki haft neitt á móti því, að sýslunefndin leitaði til lands-
höfðingja um breyting á viðhaldinu á Grásteinsgarðinum, eptir nánara álitu um-
boðsmanns Munkapverárklosturs, álitsgjörðum á engi Syðra- og Ytra-Lauga-
lands, 2. og 3. júlí 1888, og skodunargjörð tveggja búfræðinga á Staðarbyggðar-
mýraverkinu, 4. maí 1889, sem hvorttveggja var framlagt, en hvergi er sagt
þar, að Grásteinsgarðurinn sje gagnslaus og ónýtur, og heldur eigi eru fram-
komnar sannanir fyrir því, að aðgerð á garðinum muni kosta allt að 1000 kr.,
eins og sýslunefndin segir, og hann vera samt sem ógerður, þar sem hætta
væri á, að Eyjafjarðará bryti garðinn næsta ár, svo þá þyrfti aftur sömu upp-
hæð til aðgerðar, enda höfðu úttektarmenn á sínum tíma álituð svo, að bæta
mætti skemmdir þær, sem garðurinn varð fyrir í hinu mikla vatnsflóði í júlí
1885, fyrir 133 kr. 70 a. Nú er garðurinn því miður ver farinn en þá, því
samkvæmt framlagðri skýrslu umboðsmanns, 26. apríl þ. á., hefur Grásteins-
garðurinn, sem er flóðgarður, verið notaður sem vegur eða brú á meðan Lauga-
landsbrúin var ófær, og við það hefur garðurinn klofnað, og eins og gefur að
skilja eyðilagst alveg, þegar flóð hefur komið. Að því leyti aptur á móti, er
snerti þá ályktun sýslunefndarinnar, að hún vildi segja lausu Syðra-Laugalandi,
ef hún eigi fengi sínu framgengt hvað Grásteinsgarðinn snerti, þá verður amts-
ráðið að vera á þeirri skodun, að slik ályktun sje of fljótt ráðin, og skadleg
fyrir sýslufjlagið. Það kemur þá fyrst til athugunar, að skólinn eða skólahús-
ið, sem vel má nota enn, hefur kostað sýslufjlagið ærið fje, en afleiðingin af
því, að flytja skólann frá Laugalandi, yrði aptur mikill kostnaður, en ekki væri
þar fyrir sagt, að kvennaskólinn mundi þrífast betur eða blómgvast en þar
sem hann nú er; þessa hlið málsins virðist sýslunefndin alls ekki hafa íhugað
nógu vandlega, en það liggur í augum uppi, að skólinn verður ekki fluttur,
nema sýslufjlagið taki enn lán með samþykki amtsráðsins, í viðbót við hið
eldra lán til skólans, sem ekki er borgað ennþá. Í annan stað er takandi til-
lit til þess, að sýslufjlagið hefur notið og nýtur talsverðs styrks af landssjóði,
auk þess, sem jafnaðarsjóður leggur til, en amtsráðið getur ekki ætlað, að ríf-
leg fjárframlög eigi sjer stað eptirleiðis frá landssjóðs hálfu, ef sýslunefndin fer
ekki betur með þá landssjóðsjörð, er hún hefur bygging fyrir, en hún hefur
gjört. Amtsráðið getur því eigi komizt að annari niðurstöðu, en að fella áður-
nefnda ályktun sýslunefndarinnar úr gildi að svo stöddu, og vill skora á hana,

98

(framh.)

að yfirvega að nýju og vandlegar spursmálið um flutning skólans, og gera áætlun um þann kostnað, sem slíkum flutningi yrði samfara.

d. Frá Suður-Þingeyjasýslu fundargjörðir 20.—22. maí p. á.

Amtsráðið vildi samþykkja, að nefndin hafði veitt 25 kr. úr sýslusjóði til hátíðahaldsins í minningu 1000 ára byggingar Eyafjarðar, en samt að eins með því skilyrði, að sýning yrði samfara hátíðahaldinu.

e. Frá Norður-Þingeyjarsýslu fundargjörðir frá 7.—8. maí p. á.

Samkvæmt tillögum súslunefndarinnar samþykkti amtsráðið að nefndin mætti jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi á yfirstandandi ári 635 kr. 9 aur., eða 22 aurum á hvert hundrað, sem fer fram yfir það, sem niður mátti jafna samkvæmt 43. gr. (sbr. 26. gr.) sveitarstjórnartilskipunarinnar.

f. Frá Norður-Múlasýslu fundargjörðir frá 22. maí 1889 og 21. apríl p. á.

g. Frá Suður-Múlasýslu fundargjörðir frá 22. maí 1889 og 30. apríl til 1. maí p. á.

Samkvæmt ályktun sýslunefndarinnar samþykkti amtsráðið, að nefndin mætti jafna niður sem sýslusjóðsgjaldi á yfirstandandi ári 906 kr. 57 aur., eða 12 aur. á hvert hundrað, sem er fram yfir það, sem niður mátti jafna samkvæmt 43. gr. (sbr. 26. gr.) sveitarstjórnartilskipunarinnar.

Amtsráðið fann ástæðu til að skora fastlega á sýslumennina í Þingeyjar-Norður-Múla- og Suður-Múlasýslum, að halda sýslunefndarfundi í marzmánuði, því þótt það eigi væri beinlínis ákveðið í sveitarstjórnartilskipuninni hvenær á árinu aðalfundur sýslunefndar skyldi haldinn, þá leiddi það beinlínis af fyrir-mælum nefndrar tilskipunar (sbr. 41. og 48. gr.), að fundir þessir skyldu haldnir snemma á árinu og eigi síðar en í marzmánuði, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 2. og 3. júní 1885 (Stjórnartíðindi 1885, B, bls. 95).

22. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1889, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið, til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.

1. Við reikninginn úr Húnavatssýslu fannst ekkert að athuga og var hann samþykktur. Sýslumaður hefur lofað, að senda fáein vantandi fylgiskjöl síðar og gefið fullgildar ástæður fyrir vöntun þeirra nú.

2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur.

3. Við reikninginn úr Eyafjarðarsýslu fann amtsráðið að athuga.

Athugasemdir þær, sem endurskoðendur hafa gert við reikninginn, úrskurðast á þessa leið:

Athugasemdirnar við 2. gjaldalið (laun yfirsetukvenna) og 14. gjaldlið (eptirstöðvar til næsta árs) falla niður, með því reikningshaldari hefur tekið þær til greina í reikningi þeim, sem hann hefur sent amtsráðinu.

(Framhald).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891.

10. gr. C, 4. b.

Eptir að hlutadeigandi amtsráð höfðu sent landshöfðingja tillögur sínar og sýslunefndanna